



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr.

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingar á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995 – ATRN25060308.
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Atvinnuvegaráðuneytið.
Innleiðing EES-gerðar?	☒ Já ☐ Nei
Dags.	06.08.2025.

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni

Um er að ræða innleiðingu á tilskipun ESB nr. 2017/828 um breytingu á tilskipun 2007/36/EB að því er varðar hvatningu til þátttöku hluthafa til lengri tíma.

Tilskipun 2007/36/EB var innleidd í íslenskan rétt með lögum nr. 126/2009 um breytingu á lögum um hlutafélög (réttindi hluthafa).

Tilskipun ESB nr. 2017/828 tekur til félaga sem skráð hafa skrifstofu í aðildarríki EES og hlutabréf skráð á skipulegan verðbréfamarkað sem er staðsettur eða starfræktur í aðildarríki og setur ákveðnar kröfur hvað varðar nýtingu tiltekinna réttinda hluthafa sem fylgja atkvæðisréttir í tengslum við hluthafafund slíkra félaga.

Í tilskipun ESB nr. 2017/828 er að finna ákvæði er lúta að auðkenni hluthafa, hlutverki milliliða í sendingu upplýsinga frá félagi til hluthafa og ákvæði til að auðvelda hluthafa að neyta réttinda sinna í félagi. Einnig er í tilskipuninni að finna ákvæði um gagnsæi stofnanaþjárfesta, eignarstýringaraðila og umboðsráðgjafa, rétt hluthafa til að greiða atkvæði um launakjarastefnu stjórnenda félags, sem og ákvæði um gagnsæi og samþykki fyrir viðskiptum tengdra aðila.

Með frumvarpinu verða gerðar breytingar á lögum um hlutafélög til innleiðingar á tilskipun ESB nr. 2017/828.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Með lagasetningunni er markmiðið að hvetja til þátttöku hluthafa í skráðum félögum til lengri tíma.

3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Um er að ræða innleiðingu á tilskipun ESB sem breytir tilskipun ESB sem þegar hefur verið innleidd í íslenskan rétt.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki

Í Stefnuýfirlýsing ríkisstjórnar Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins kemur m.a. fram að á kjörtímabilinu verði unnið hagstæðum rekstrarskilyrðum fyrirtækja. Einnig kemur þar fram að utanríkisstefna skuli m.a. byggja á náinni samvinnu við Evrópusambandið.

2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda

Frumvarpið felur í sér innleiðingu á tilskipun ESB nr. 2017/828 en markmiðið með lagasetningunni er að hvetja til þátttöku hluthafa í skráðum félögum til lengri tíma.

C. Leiðir

1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?

Tilskipun ESB nr. 2017/828 yrði ekki innleidd í íslenskan rétt en það væri brot á þjóðréttarlegum skuldbindingum Íslands og hefði þau áhrif að regluverk hér á landi yrði ekki sambærileg regluverki annarra EES-ríkja.

2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið

Aðrar leiðir en lagasetning til innleiðingar á umræddum ákvæðum tilskipunar ESB nr. 2017/828 koma ekki til álita.

3. Mögulegar leiðir við lagasetningu

Innleiðingin kallar á breytingar á lögum um hlutafélög og aðrar leiðir við innleiðinguna koma ekki til álita.

D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?

1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni

Áformað er að gera breytingar á lögum um hlutafélög til innleiðingar á tilskipun ESB nr. 2017/828 en með tilskipuninni eru gerðar breytingar á eldri tilskipun nr. 2007/36/EB um nýtingu tiltekinna réttinda hluthafa í skráðum félögum. Tilskipun nr. 2007/36/EB var innleidd í íslenskan rétt með lögum nr. 126/2009 um breytingu á lögum um hlutafélög.

2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott

Um er að ræða breytingar á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, til innleiðingar á ákvæðum tilskipunar ESB nr. 2017/828. Innleiðingin kallar mögulega einnig á breytingar á annarri löggjöf verði í innleiðingarferlinu talið að tiltekin ákvæði eigi betur heima í annarri löggjöf en lögum um hlutafélög.

E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar

1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga?

Já, áformin koma inn á svið þjóðréttarskuldbindinga en um innleiðingu á tilskipun ESB er að ræða.

2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu?

Nei.

3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til?

Nei.

F. Samráð

1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar?

Félög sem skráð hafa skrifstofu í aðildarríki EES og hlutabréf skráð á skipulegan verðbréfamarkað sem er staðsettur eða starfræktur í aðildarríki, hluthafar þeirra og þeir aðilar sem hyggjast fjárfesta í viðkomandi félögum.

2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta?

Skörun við málefnasvið fjármála- og efnahagsráðuneytis. Eftirlit með félögum á markaði er hjá Fjármálaeftirlitinu (FME) en ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið hafi í för með sér nein fjárhagsáhrif fyrir FME.

3. Samráð sem þegar hefur farið fram

Samráð hefur þegar átt sér stað við fjármála- og efnahagsráðuneyti, Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands, Kauphöll Íslands, Samtök atvinnulífsins og Samtök fjármálafyrirtækja.

4. Fyrirhugað samráð

Fyrirhugað er áframhaldandi samráð við þá aðila sem taldir eru upp undir lið 3 hér að framan auk þess sem frekara samráð við aðra haghafa er einnig fyrirhugað. Þá verða drög að frumvarpi til laga til innleiðingar á gerðinni einnig kynnt í opnu samráði í samráðsgátt stjórnvalda.

G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er

1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal

Áformin fela hvorki í sér breytingar á tekjum eða gjöldum ríkissjóðs. Gangi áformin eftir er ekki gert ráð fyrir neinum fjárhagsáhrifum fyrir ríkissjóð vegna innleiðingarinnar.

H. Næstu skref, innleiðing

1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmiðina?

Já.

2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar?

Frumvarpið tekur til félaga sem skráð hafa skrifstofu í aðildarríki EES og hlutabréf skráð á skipulegan verðbréfamarkað sem er staðsettur eða starfræktur í aðildarríki og setur ákveðnar kröfur hvað varðar nýtingu tiltekinna réttinda hluthafa sem fylgja atkvæðisréttir í tengslum við hluthafafund slíkra félaga. Gert er ráð fyrir að þau félög sem frumvarpið tekur til þurfi tíma til undirbúnings og aðlögunar en ekki liggur fyrir hve langur sá tími er. Gert er ráð fyrir að lögin taki gildi við samþykkt þeirra en frestur verði veittur til aðlögunar.

3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur?

Á ekki við.

4. Mælikvarðar á árangur og útkomu

Á ekki við.

5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur?

Á ekki við.

I. Annað

J. Fylgiskjöl

1. Mat á áhrifum lagasetningar.

2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum